

402. fundur

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund föstudaginn 12. janúar 2006 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður
Rúnar Gíslason,
Davíð Sveinsson,
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Formaður setti fund og fól síðan bæjarstjóra fundarstjórnun.

1. Fundargerðir nefnda.
 - 1.1. Fundargerð atvinnumálanefndar, dags. 20.12.2005.
Fundargerðin samþykkt.
 - 1.2. Fundargerð stjórnar Lista- og menningarsjóðs, dags. 8.1.2006.
Fundargerðin samþykkt.
 - 1.3. Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 2.1.2006.
Fundargerðin samþykkt.
 - 1.4. Fundargerðir vinnuhóps vegna flutnings Amtbókasafns, dags. 27.12.2005, 4.1. og 9.1.2006.
Fundargerðir samþykktar. Umræður urðu um staðsetningu og næstu skref.
2. Aðrar fundargerðir.
 - 2.1. 63. fundargerð Breiðfjarðarnefndar, dags. 11.11.2005.
Fundargerð framlögð.
3. Erindi Hesteigendafélags Stykkishólms, dags. 21.12.2005, varðandi umsókn um lóð fyrir reiðskemmu og niðurfellingu gatnagerðar- og fasteignagjalda.
Hesteigendafélag Stykkishólms hefur lóðasamning frá 10.9.1991 og fyrirhuguð reiðskemma er innan þeirra lóðarmarka. Erindinu vísað til skipulags- og bygginganefndar til umsagnar. Samþykkt að veita Hesteigendafélagi Stykkishólms styrk sem nemur gatnagerðargjöldum á byggingu reiðskemmu. Ákvörðun um niðurfellingu á fasteignagjöldum er tekin á hverju ári, en félagasamtök hafa fengið styrk fyrir fasteignagjöldum á undanfórnum árum.
4. Bréf Þórhildar Pálsdóttur, dags. 6.1.2006, þar sem hún segir starfi sínu lausu.
Bréf framlagt.
5. Bréf Starfsmannafélags Dala- og Snæfellsnessýslu, dags. 6.1.2006.
Bréf framlagt.
6. Bréf Breiðafjarðarnefndar, dags. 20.12.2005., varðandi stöðuskýrslu um náttúrufarsrannsóknir á Breiðafirði.
Bréf og skýrsla framlögð, en nálgast má þessa skýrslu á slóðinni www.breidafjordur.is
7. Beiðni Sýslumanns Snæfellinga um afskriftir.
Samþykkt að afskrifa þing- og sveitasjóðsgjöld samtals með vöxtum kr. 426.991.
8. Þriggja ára áætlun 2007-2009.
Forsendur þriggja ára áætlunar Stykkishólmsbæjar og undirfyrirtækja fyrir 2007-2009 framlögð og unnið í henni.

9. Tilnefning í stjórn háskólaseturs.
Tilnefningu vísað til næsta bæjarstjórnarfundar, en tilnefna á einn aðalmann og einn varamann í stjórn háskólasetur Snæfellsness.
10. Hugmynd um snjósleðasýningu Kristjáns Viktors Auðunssonar næsta sumar.
Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna að málinu með Kristjáni.
11. Bréf frá Guðmundi Páli Ólafssyni fyrir hönd nefndar um ljósmyndasafn Jóhanns Rafnssonar, dags. 15.12.2005.
Bréf framlagt. Nefndin boðuð á næsta bæjarráðsfund ásamt formanni safna- og menningarmálanefndar.
12. Bréf Guðmundar Páls Ólafssonar varðandi safnamál dag. 18.12.2005.
Bréf framlagt.
13. Tillaga bæjarstjóra um innheimtumál Stykkishólmsbæjar.
Bæjarstjóri gerði grein fyrir tillögu um innheimtumál Stykkishólmsbæjar.
14. Bréf frá Sæferðum um beiðni um endurskoðun álagningar hafnargjalda á ferjuna Baldur í tengslum við kaup á nýrri ferju dags. 12.1.2006.
Bæjarráð fagnar hugmyndum um kaup á nýrri ferju og vísar bréfinu til hafnarnefndar til umsagnar.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl.20:15

Þór Örn Jónsson, bæjarritari